



Mánudagurinn 13. febrúar 2006

Ákvörðun nr. 8/2006

Samruni Kvosar ehf. og Skólavörubúðarinnar ehf.

1.

Með bréfi, dags. 13. janúar 2006, var Samkeppniseftirlitinu tilkynnt um að Kvos ehf. hefði keypt allt hlutfé í Skólavörubúðinni ehf. Bréfinu fylgdi samrunaskýrsla, þar sem framsetning miðast við viðauka í reglum nr. 881/2005 um tilkynningu samruna¹. Bréfinu fylgdi einnig kaupsamningur, dags. 30. desember 2005, auk ársreikninga fyrirtækjanna fyrir árin 2003 og 2004 þar sem m.a. er að finna upplýsingar um veltu þeirra. Að mati Samkeppniseftirlitsins felur kaupsamningurinn í sér samruna í skilningi 4. og 17. gr. samkeppnislaga og fellur samruninn undir samrunaeftirlit 17. gr. laganna, þar sem veltuskilyrði eru uppfyllt.

2.

Í tilkynningunni kemur fram að Kvos sé eignarhaldsfélag. Dótturfélög sem að fullu séu í eigu Kvosar séu Prentsmiðjan Oddi hf., Gutenberg ehf., OPM ehf., Oddi skrifstofuvörur ehf. og Tímaritaútgáfan Fróði ehf. Einnig eigi Kvos stóran hlut í Kassagerðinni hf. og Miðaprentun ehf. Þá eigi Kvos ennfremur þrjú erlend dótturfélög, Oddi Printing Corporation, Oddi Póllandi og Oddi USA. Auk þessa hafi Prentsmiðjan Oddi nýlega keypt prentsmiðju í Rúmeníu, Infopress.

Skólavörubúðin er bóka- og ritfangaverslun. Hluti starfseminnar felst einnig samkvæmt samrunaskýrslunni í sölu á húsgögnum fyrir skóla og fyrirtæki auk sölu á hannyrða- og föndurvörum o.fl. Um tilgang félagsins segir í tilkynningunni að hann sé „*rekstur verslunar með skólavörur, skrifstofuvörur, skólahúsgögn og skrifstofubúnað, með þeirri starfsemi sem þeim rekstri fylgir, ásamt því að eiga eða reka fasteignir og stunda lánstarfsemi og aðra þá starfsemi sem stjórn félagsins telur því til hagsbóta á hverjum tíma.*“ Þá segir að Skólavörubúðin eigi ekki virk dótturfélög eða önnur félög sem fyrirtækið hefur yfirráð yfir.

Í tilkynningunni kemur fram að markmið samrunaaðila með samrunanum sé að tryggja enn frekar rekstrargrundvöll og samkeppnishæfni fyrirtækjanna, samnýtingu sérþekkingar og framleiðsluþátta.

3.

Af upplýsingum sem fram koma í tilkynningunni er ljóst að samlegðaráhrifa samrunans mun fyrst og fremst gæta í starfsemi Skólavörubúðarinnar og Odda skrifstofuvara en bæði fyrirtækin selja almennar skrifstofuvörur, s.s. pappír,

¹ Viðauki með skrá yfir upplýsingar sem þurfa að koma fram í tilkynningu til Samkeppniseftirlitsins um samruna fyrirtækja (samrunaskrá).



ritföng og rekstrarvörur fyrir tölvur. Oddi skrifstofuvörur mun því styrkja stöðu sína á þessum sviðum viðskipta við samrunann. Á hinn bóginn virðist ljóst að samruninn muni ekki hafa skaðleg samkeppnisleg áhrif þar sem aðrir helstu keppinautar á sviði heildsölu- og smásöludreifingar á skrifstofuvörum eru mjög öflug fyrirtæki. Nægir í því sambandi að nefna Pennan hf. og Office1 Superstore. Þá hafa ekki komið fram önnur atriði sem benda til þess að samruninn geti raskað samkeppni. Í ljósi þessa er það mat Samkeppniseftirlitsins að ekki sé ástæða til að aðhafast frekar vegna samruna Kvosar og Skólavörubúðarinnar á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.

Ákvörðunarorð:

„Með kaupsamningi, dags. 30. desember 2005, keypti Kvos ehf. allt hlutfé í Skólavörubúðinni ehf. Samkeppniseftirlitið telur að ekki sé ástæða til að aðhafast frekar vegna umrædds samruna á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.“

Samkeppniseftirlitið

Guðmundur Sigurðsson